

höndum til að fá að kyssa sár hans og mykja hans síðustu andköt. Hún fór að undrast yfir hvers vegna Wes-a-ka-chack hafði sent þenna mann þarna út í óbygðirrar til hennar. Var það einungis til þess að vekja upp þessa sviknu, draunum í huga hennar, og láta hana svo líða fyrir það eina? Nei, svo vondur var ekki gúð Indiánanna. Hún átti hann og átti að eiga hann framvegis. Fram úr öllu öðru braust sú hugsun í huga hennar, að hann mætti ekki sleppa. Ósjálfrátt færði hún höndina ofan að belti sínu og greip fast utan um skeftið a veidknif sínum, sem henni hafði verið getið í Dunvegan, í það eina skifti sem hún hafði gægst út úr óbygðunum og inn í lífneri hvítra manna. Það fór hrollur um hana þegar hún snart við köldu stálinu, og hún sneri sér aftur að Wes-a-ka chack, sem ávalt hafði gætt hennar og verndad hana, sem hafði látið særða músdýrið verða á vegi hennar eina sinni, til þess að sefa hungur úlfanna er voru að elta hana, og sem hafði latið kvistinn brotna fyrir aftan hana í fyrra, svo gaupan misti af bráð sinni.

Hún sat hreyfingarlaus og hlustaði á hjartsláttinn í brjósti sínu en Wes-a-ka-chack þagði eins og steinn. Eina sinni enn þá beygði hún sig yfir hann og tár — hið fyrsta sem vökvæð hafði augu hennar — rann niður brúnu kinnarnar og ofan á hvíta andlitíð á honum. Hægt og seint opnaði hann augun og sá ásjónu hennar og fágæð hnífblaðið glitrandi í tunglskininu. Honum vað bilt við í fyrstu, en brátt komst hann til sjálfssín og mundi þá eftir því hversu hann hafði sært hjarta hennar. Hann hugsaði hratt, eins og þeir menn sem venjast hinni ótöndu náttúru og þurfa að þeyta gufukatlinum áttatiú milur á klukkustund gegn um kolsvart náttmyrkrið. Hann fékk brátt vald yfir sjálfum sér og dró andann létt og reglulega, meðan hnífurinn sveimaði yfir brjósti hans. Hann lokaði augunum snöggvast, og kastaði svo skyndilega af sér rekkjuklæðunum og stóð á fætur. Stúlkán stóð grafkyr og starði á hann eins og hún væri að vakna af draumi. Gegn um hjartsláttinn í sínu eigin brjósti heyrði hún titrandi og þungan andardrátt hans. Hann bauð henni höndina á sama hátt og hún hafði gjört meðan hann svaf. Hún gekk eitt skref áfram, en tók þá eftir hnífnum í hönd sinni, og hún henti honum eins langt og hún gat inn í skógarrunnann.

„Komdu” sagði Bannihan á Cree máli, og hún gekk öðru skrefi nær honum. „Komdu” endurtók hann „hér er nóg rúm.” Hún fleygði sér í fang hans, og lá titrandi af ekka á brjósti hans. Hún grét létt og mjúkt, en þó eins djúpt og hjartanlega eins og nokkur hvít kona getur grátið. (E. J. Árnason þýddi)